

Nd.

356. Nefndarálit

[15. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar. Er hún sammála því, sem segir í nál. sjávarútvegsnefndar Ed., „að almennt er varhugavert að fjölga þeim kröfum, sem sjóveðrétt eiga í skipum . . .“

Samt telur nefndin, að þannig geti staðið á, að nauðsynlegt sé að fjölga sjóveðs-kröfunum, eins og gert var með bráðabirgðalögum frá 31. ágúst s.l., og leggur hún því til, að brbl. hljóti staðfestingu með samþykkt þessa frumvarps, með þeirri breytingu þó, að ákvæði frumvarpsins gildi ekki til langframa, heldur einungis á árunum 1968 og 1969, sbr. brtt. hér á eftir.

Einnig tekur nefndin upp aðra brtt., við 1. tölulið 216. gr. siglingalaga, nr. 66 1963. Er sú brtt. eingöngu flutt til þess að leiðrétta villu, sem slæðzt hefur inn í lög, þegar þau voru afgreidd á Alþingi árið 1963. Er leiðréttingin gerð í samráði við dr. jur. Þórð Eyjólfsson, sem samdi á sínum tíma frv. til nýrra siglingalaga.

Leggur því nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „kostnaður af affermingu“ í 1. tölul. 216. gr. laganna komi: kostnaður af hafnsögu.

Á eftir 2. mgr. 5. tölul. 216. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu eiga sjóveðrétt kröfur, sem skipstjóri stofnar til á árunum 1968 og 1969 vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira.

Alþingi, 13. marz 1969.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr.

Pétur Sigurðsson.

Guðl. Gíslason.

Jón Skaftason.

Lúvík Jósepsson.